

Sp.

21. Fyrirspurnir.

[21. mál]

- I. Til félagsmálaráðherra um húsnæðismál og aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að efna þau fyrirheit sem fyrrverandi ríkisstjórn gaf verkalýðssamtökunum við gerð kjarasamninganna er undirritaðir voru 22. júní 1977 um húsnæðismál og um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum?

- II. Til félagsmálaráðherra um undirbúning að gildistöku byggingarlaga.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvað líður setningu reglugerðar í samræmi við 4. gr. byggingarlaga?
2. Hvaða ákvæði verða í væntanlegri reglugerð varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar?

- III. Til fjármálaráðherra um niðurskurð fjárframlaga samkvæmt fjárlögum 1978.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hver er heildarniðurskurður fjárframlaga á fjárlögum þessa árs?
2. Hvernig skiptist hann á milli málaflokka og á einstakar framkvæmdir eða framlög í hverjum málaflokki?
3. Hver gerði tillögur um þennan niðurskurð og hvaða reglur voru hafðar til hliðsjónar?
Svar við 2. spurningu óskast gefið skriflega.